

Stjórnarfundur Klifurfélags Reykjavíkur

Klifurhúsinu, Ármúla 23

Dags: 01.09.2021

Fundur númer: 197

Mættir: Hilmar, Sigtryggur, Ágústa, Jonni (aðalmenn), Anita (varamaður), Benjamin (framkvæmdastjóri) Þura (skrifstofa) – Valdimar (aðalmenn) og Emil Bjartur (varamaður) mættu ca 30 mín seint.

Dagskrá

1. 6 mánaða uppgjör
2. Gjaldkeramál
3. Stafræn vegferð
4. Örfing
5. Klifurfélag Reykjavíkur 20 ára
6. Starfsmannamál
7. Verðskrá
8. Fyrirmyndafélag
9. Umsókn íþróttasjóð
10. Önnur mál

1. 6 mánaða uppgjör

Hagnaður miðað við 6 mánaða uppgjör er um 9 milljónir, en margt sem átti eftir að greiða og því er þetta ekki nettó hagnaður, engu að síður sínir þetta að rekstur á Klifurhúsinu gengur mjög vel. Mikil ásókn hefur verið í æfingahópa í ár og tekjur vegna æfingagjalda eru miklar. Nokkrir æfingahópar hafa verið bættir við í dagskrána og aukin aðsókn hefur verið í æfingahópa fyrir 13-17 ára. Búast má við því að launin hækki líka á þessu ári, í fyrra voru starfsmenn á hlutabótaleiðinni og því má búast við mikilli hækkun frá því í fyrra.

Þura hélt nákvæmt bókhald fyrir sumarnámskeiðin í sumar, hvað var keypt í Bónus, strætómiðar, launin ofl. Allar 10 vikurnar voru fullbókaðar og margir á biðlista til að komast á námskeið. Fenginn var styrkur fyrir einum manni frá vinnuálastofnun og 1 og hálfur starfsmaður frá hinu húsinu.

2. Gjaldkeramál

Gulli vill að einhver annar taki við Gjaldkerastöðunni, Þura hefur áhuga á að vera Gjaldkeri þar sem hún er mikið inní því sem er í gangi í Klifurhúsinu og í nánú samstarfi við Ben. Samþykkt einhljóða að Þura (Þuríður Sóley Sigurðardóttir) verði Gjaldkeri félagsins og fái prókúru, Ágústa verður skoðunarmaður fyrir stjórn, bókarinn okkar Þóra mun vera áfram og mun meðal annars sjá um að millifæra laun.

Stjórnin var sammála um að hækka þyrfti heimildina á visa kortinu sem Ben og Þura eru með svo þau þurfi ekki að nota eigin peningar þegar það vantar uppá. Upphæð var ekki ákveðin.

3. Stafræn vegferð

Nýja heimasíðan lítur vel út, en nú vantar forritara eða einhverja þjónustu til að klára síðuna og skipta svo gömlu út fyrir nýju. Markmið sett að setja nýju heimasíðuna í loftið 15. Nóvember.

Nóri er að færast inní sportabler, backend kannski ekki gott hjá sportable, en gott frontend. Gott að nota þessi kerfi og nauðsynlegt að vera með uppá samskipti við foreldra.

Regla og gymassistent – keyptar nýjar tölvur og keypt ný kort, strikamerkin notuð, gymassistent virkar fínt. Búið að eyða ca 400-500.000kr á þessu ári í þessa uppfærslu, en var nauðsynlegt. Hinar tölvurnar voru orðnar úreltar og hætta á að þær myndu krassa.

4. Örþing

Hilmar hitti nokkra góða 2en innan klifursamfélagsins og ræddi hugmyndina um að vera með örþing til að ræða klifur á Íslandi, stefnu og skipulag. Þeir voru sammála um að það væri góð hugmynd að fara yfir hugmyndir manna og niðurnjörva skipulagið. Atriði sem þyrfti að fara yfir væri skipulag klifurs á Íslandi, hver á að bera hvaða kostnað, aðgengismál, umhirða klifursvæða, klifursiðferði (hvar er í lagi að bolta og hvar ekki o.s.v.fr.) og annað (eigum við að leggja meiri áherslu á hraðaklifur ofl).

Stjórn var sammála um að það væri gott að hafa örþing fyrir klifrara til að ræða þessa hluti og er tilbúinn að leggja eitthvað af mörkum til að þetta verði að veruleika. Stefnan er að halda örþing 30.október 2021. Hilmar ætlar að ræða betur við formenn annarra klifurfélaga og athuga þeirra afstöðu gagnvart þessu og hvað þau eru tilbúin að leggja af mörkum til þingsins. Fundastjóri sem stjórnar þessu verður að vera ákveðinn til að halda umræðum innan marka.

Rætt var að mögulega ætti það að vera hlutverk sérsambandsins að vera með svona örþing, en það verður ekki stofnað fyrr en í lok September og engir peningar koma til sambandsins fyrr en á næsta ári.

5. Klifurfélag Reykjavíkur 20 ára

Klifurfélag Reykjavíkur verður 20 ára á næsta ári, 13.febrúar 2022. Hugmyndin er að hafa deep water solo í Reykjavíkurhöfn á menningarnótt eða sjómannadag. Stjórnin er sammála um að það væri betra að hafa þetta á menningardag, þegar það er meira um að vera og hitastig sjávar hærra.

Höfum í huga hvað við viljum gera fyrir starfsfólk og iðkendur í tilefni dagsins. Viljum hafa 20 ára hátíð óháða árshátíð. Marínó, Rósa og Þura í skemmtinefnd.

6. Verðskrá

Vilji er fyrir því að hækka verðskrána, hún er frekar lág hjá okkur. Þura ætlar að fara yfir hana lið fyrir lið og koma með tillögur á næsta fundi.

7. Starfsmannamál

Hugmynd var að hafa árshátíð í Október, athuga þarf bugdet fyrir það. Jólagjöf fyrir starfsfólk var ákveðin.

8. Fyrirmyndafélag

Stjórnin vill setja okkur það markmið að verða fyrirmyndarfélag og leggja þá vinnu og pening í það sem þarf til að gera það að veruleika. Þura og Anita ætla að fara yfir listann frá ÍSÍ og útbúa/finna þau gögn sem þarf.

9. Umsókn íþróttasjóð

Rannís er með íþróttasjóð sem veitir styrki til íþróttta og ungmennafélaga á landinu til að bæta aðstöðu til íþróttaiðkana, einnig veittir styrkir fyrir útbreiðslu- og fræðsluefni. Mögulega væri hægt að sækja styrk fyrir öryggismyndbandi sem nýjum klifrurum verður gert að horfa á þegar þeir koma inní húsið.

10. Námskeið og æfingar nr 9.

Hugmynd hefur verið uppi að vera með vinnustofur/workshops, þar sem hægt að koma og vinna í einhverju ákveðnu með öðrum reyndum aðila.

Lokuð skráning í 5-6ára, Ben byrjaður að þjálfá 13-14ára og þau hafa verið að blómstra. Elmar er yfirþjálfari, verið er að vinna í að samræma æfingarnar og bæta gæði þjálfunar.

2svar í viku er verið að setja nýjar leiðir upp og verið að hugsa um krakka 5-6ára. Verið er að klára svæðið uppi, verið með æfingar á sama tíma og fjölskyldutímar og það hefur ekki verið að ganga vel.

Voru með sumarnámskeið fyrir furllorðna í fyrsta skiptið síðasta sumar. Mikil aðsókn var í námskeiðið og það gekk mjög vel.

11. Önnur mál

Þing ÍBR verður 2.október – Þura sendir hverjir koma og hvort einhver bjóða sig fram í stjórn.

Þarf að fara að huga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2022, Ben og Hilmar.

Viljum halda grímuskyldunni að hluta og setja að það sé grímuskylda í húsinu nema á veggnum.

Red point mót – miní mót yfir veturinn, verða bara 4 mótssleiðir inní sal, keppniskrakarnir komi og æfi sig að klifra í 4 leiðum, með aðeins 5 mínútúr í pásu til að undirbúa þau betur fyrir önnur mót.

Ný grip hafa voru pöntuð og eru í framleiðslu en hugsanlega verður einhverju bætt við.

Þura, Jonni og Himmi eru að koma á sýningu The alpinist í Bíó paradís, myndin verður frumsýnd

13.September. Ákveða þarf hvað gerist við hagnaðinn í þessu, tillaga kom um að setja hann í Boltasjóð ef það verður einhver hagnaður. Sýningin verður örugglega ekki fyrr en í nóvember/Desember.

Toppstöðin á smá bið núna, 60% af leigutekjum verður að koma frá Reykjavíkurborg.

Fundi lokið kl.21.30.

Fundaritari: Anita